



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Félags- og trygginganefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. maí 2010.

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun, 555. mál.**

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun. Í frumvarpinu felst aðallega að tvær ríkisstofnanir, Vinnueftirlit ríkisins (VER) og Vinnumálastofnun (VMST) verða sameinaðar í eina nýja *Vinnumarkaðsstofnun*. Í öðru lagi verður Tryggingarsjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga sameinaður Atvinnuleysistryggingarsjóði.

Vinnumarkaðsstofnun er einnig ætlað að taka við nýju verkefni, *starfsendurhæfingu* og *starfshæfnismati*. Stofnunin á að *samhæfa fjármögnun* og vera leiðandi í skipulagningu og *uppbyggingu starfsendurhæfingar um land allt* m.a. með *sérhæfðum atvinnutilboðum*. Engin tilraun er gerð til að meta heildarkostnað af þessu nýja verkefni en fullyrt er að þeir 5-7 starfsmenn sem nýja verkefnið krefst megi taka úr öðrum störfum hjá núverandi tveimur stofnunum með hagræðingu.

Samtök atvinnulífsins leggjast ekki gegn þessari sameiningu en hafa miklar efasemdir um að nokkuð fé muni sparast. Fullyrðingar um að verulegir fjármunir muni sparast í yfirbyggingu eða með samnýtingu stoðþjónustu og minna húsnæði eru lítið skýrðar eða rökstuddar enda liggja engar tillögur fyrir um framtíðarhúsnæði stofnunarinnar á landsvísu. Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga á Skagaströnd er í ódýru leiguhúsnæði og einnig Fæðingarorlofssjóður á Hvammstanga. Þessar deildir voru beinlínis fluttar út á land til að skapa atvinnu á þessum stöðum. Það mun kosta peninga að reisa nýjar þjónustumiðstöðvar frá grunni úti á landi. Nýtt og stærra húsnæði mun þurfa til að rúma stofnunina á einum stað í Reykjavík til að sameina yfirstjórn og til að samnýta stoðdeildir. Núverandi verkefni VER og VMST eru mjög ólík og því virðast vera fá tækifæri til raunverulegrar hagræðingar eða samlegðar.

Samtök atvinnulífsins hafa lengið talið tímabært að stokka upp eftirlitskerfi ríkisins með atvinnulífinu og að beint eftirlit með ýmis konar tæknilegum búnaði verði falið faggiltum skoðunarstofum. Hlutverk stofnana ríkisins væri þá að fylgja eftir framkvæmd eftirlitsins og annast alla stjórnsýslu með eftirlitsreglunum sjálfum. Þetta fyrirkomulag hefur gefist ágætlega þar sem það er við líði. Vinnuvélaeftirlit sem nú er sinnt af Vinnueftirlitinu gæti fallið ágætlega að þessari sýn. Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar frá mars 2007 var lagt til að vinnuvélaeftirlit og eftirlit með ýmsum tæknilegum búnaði verði fært til faggiltra skoðanastofa sem yrði undir yfirstjórn stjórnsýslustofnunar s.s. Umferðarstofu eða annarrar stofnunar. SA taka undir þessa tillögu Ríkisendurskoðunar.

Samtökin benda einnig á tilögur SA og ASÍ um nýskipan atvinnuleysistrygginga, sem fela í sér að aðilar vinnumarkaðarins beri megin ábyrgð á atvinnuleysistryggingum og vinnumiðlun félagsmanna í stéttarfélagum. Þær tillögur munu leiða til lækkunar kostnaðar og hagræðis fyrir notendur þjónustunnar.

Samtök atvinnulífsins óttast að rekstarkostnaður nýrrar Vinnumarkaðsstofnunar verði í auknum mæli sóttur í Atvinnuleysistryggingarsjóð og/eða með hækkun skoðunar- og eftirlitsgjalda vinnueftirlits. Í dag greiðir Atvinnuleysistryggingarsjóður og sjóðir í vörslu VMST meira en 88% af rekstarkostnaði VMST.



Vinnueftirlitið aflar í dag verulegra sértekna með skoðunar- og þjónustugjöldum sem renna til reksturs VER. Tryggja verður að framlög af fjárlögum til Vinnumarkaðsstofnunar á árinu 2011 lækki ekki eins og átti sér stað með framlög til Vinnumálastofnunar fjárlagaárið 2010 en móti verði tekið aukið rekstarfé úr Atvinnuleysistryggingarsjóði til að reka nýju stofnunina. Í frumvarpinu virðist ekki gert ráð fyrir að gjaldskrár nýrrar Vinnumarkaðsstofnunar vegna ýmissa þjónustu- og eftirlitsgjalda skv. 74. gr. núgildandi laga nr. 46/1980 verði lögð fram í stjórn til umsagnar eins og nú er gert. Þetta er óviðunandi breyting frá gildandi lögum, sjá breytingu sem felst í nýrri 75. gr. laga nr. 46/1980.

### Athugasemdir við einstakar greinar:

Í lagafrumvarpinu eru ný hugtök, þ.e. hugtakið „starfsendurhæfing“, „starfshæfnismat“ eða „sérhæfð atvinnutilboð“ í 2. gr. frumvarpsins ekki skilgreind sérstaklega. Óljóst er því hvað felst nákvæmlega í þessum lagaákvæðum og hugtökum. Túlkun og framkvæmd þessara lagaákvæða virðist því eiga að vera í höndum félags- og tryggingamálaráðherra.

Í d lið 2. gr. er mælt fyrir um samráð við aðila vinnumarkaðsins og fleiri hagsmunaaðila: „eftir því sem við á“. Þessi hluti síðasta málslíðs d-liðs er óþarfur. Öll verkefni sem hin nýja stofnun mun vinna að hafa þýðingu beint eða óbeint fyrir aðila vinnumarkaðarins, launafólk og fyrirtæki.

Í e lið 2. gr. er talað um veita skuli fyrirtækjum og starfsmönnum „aðhald“ án þess að það sé skýrt nánar. Í núgildandi lögum er talað um „ráðgjöf“ til fyrirtækja og starfsmanna. Stofnun hefur lögbundið eftirlit sem nánar er lýst í lögum og reglugerðum. N-liður 2. gr. frumvarpsins, er nýmæli og í raun óskiljanlegt hvað það felur í sér sem verkefni. Lagt er til að síðasta orð e-liðar verði fellt brott.

Í q lið er sagt að *önnur verkefni* Vinnumarkaðsstofnunar á sviði vinnumarkaðs og vinnuverndarmála fari eftir nánari ákvörðun ráðherra. Þessi liður er alltof opin og víðtækur.

Lagt er til að breytt verði 3. ml., 3. mgr. 3. gr. þannig að skýrt sé kveðið á um umsagnarrétt stjórnar Vinnumarkaðsstofnunar vegna hækkana á gjaldsskrám.

Samtökin hafa efasemdir um að ákvæði 5. greinar um mánaðarlegt samráð forystumanna aðila vinnumarkaðarins með ráðherra sé nauðsynlegt enda mun stofnunin hafa sérstaka stjórn skv. 3. gr. frumvarpsins. Eðlilegra er að ráðherra kalli forystumenn til fundar þegar þess er þörf eða þess er óskað.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Jón Rúnar Pálsson